

17. des. 2004, 3. árg.

Ráðherrafundur EFTA í Genf: Metnaðarfull dagskrá fríverslunar- viðræðna

Geir H. Haarde fjármálaráðherra stýrði í dag ráðherrafundi EFTA í Genf í fjarveru Davíðs Oddssonar utanríkisráðherra, auk þess sem hann undirritaði, fyrir hönd Íslands, fríverslunarsamning við Túnis. Í gærkvöldi undirritaði hann yfirlýsingu um upphaf fríverslunarviðræðna við Suður-Kóreu. Ísland gegnir formennsku í EFTA síðari helming þessa árs.

Nýrra tækifæra leitað í Asíu og víðar

Meginviðfangsefni ráðherrafundar EFTA var staða og stefna í fríverslunarviðræðum. EFTA á nú í fríverslunarviðræðum við Kanada, Tollabandalag Suður-Afríkuríkja og Egyptaland, auk Suður-Kóreu. „Auk þessa erum við að athuga með möguleika á fríverslunarsamningum við fleiri ríki Asíu þar sem veruleg viðskiptatækifæri geta skapast fyrir íslensk fyrirtæki, til að mynda í Tælandi og Indónesíu“, segir Geir H. Haarde fjármálaráðherra. „Á fundinum var samstaða um þá meginstefnu að tryggja, með gerð fríverslunarsamninga, að fyrirtæki EFTA-ríkjanna njóti sömu kjara á erlendum mörkuðum og fyrirtæki Evrópusambandsríkjanna (ESB); ennfremur að hafa frumkvæði að gerð fríverslunarsamninga á mikilvægum eða spennandi markaðssvæðum, þar sem ESB hefur ekki gert fríverslunarsamninga, og reyna þannig að veita okkar fyrirtækjum betri kjör en helstu samkeppnisaðilum. Þetta gerðum við í Singapore. Við verðum fyrstu ríki í Evrópu til að gera fríverslunarsamning við Suður-Kóreu og ef okkur tekst að ýta af stað viðræðum við Tæland þá verðum við einnig með fyrstu ríkjum Evrópu til að gera samning við þá.“ Hin EFTA-ríkin óska eftir því að Ísland leiði væntanlegar viðræður við Tæland og Grétar Már Sigurðsson, skrifstofustjóri viðskiptaskrifstofu utanríkisráðuneytisins, verður aðalsamningamaður EFTA.

Á ráðherrafundinum voru einnig ræddir möguleikar á auknum viðskiptatengslum við önnur ríki, m.a. Rússland. Geir H. Haarde lagði áherslu á að skoðuð verði tækifæri til að efla viðskiptasamskipti við Rússland og ráðherrarnir voru sammála um að kanna möguleika á gerð fríverslunarsamnings við Rússa í

framtíðinni, sérstaklega þegar nær dregur aðild þeirra að Alþjóðaviðskiptastofnunni (WTO).

Fríverslunarsamningur við Túnis

Geir H. Haarde undirritaði fríverslunarsamning við Túnis og sagði við það tækifæri að það væri sérstaklega ánægjulegt að þessum áfanga væri náð eftir langar og á tíðum erfiðar samningaviðræður. „Samningurinn við Túnis er mikilvægur af tvennum ástæðum. Í fyrsta lagi þá skapast viðskiptatækifæri á markaði sem er í nokkurri sókn og í öðru lagi þá verður Túnis hluti af fríverslunarsvæði sem mun innihalda ESB og ríkin umhverfis Miðjarðarhaf og það er mikilvægt að tryggja aðgang Íslands að þessu svæði,“ sagði Geir H. Haarde.

Auk fríverslunarsamningsins var undirritaður sérstakur landbúnaðarsamningur á milli hvers EFTA-ríkis fyrir sig og Túnis.

Upphaf fríverslunarviðræðna við Suður-Kóreu

Í gærkvöldi undirritaði Geir H. Haarde sameiginlega yfirlýsingu EFTA-ríkjanna og Suður-Kóreu um upphaf fríverslunarviðræðna. Ef samningar takast verður þetta annar fríverslunarsamningur EFTA-ríkjanna við Asíuríki. „Samningur okkar við Singapore hefur á vissan hátt rutt brautina fyrir frekari samningum í Asíu. Suður-Kórea er þegar mjög stór markaður og mikilvægur viðskiptaaðili bæði í innflutningi og útflutningi.

Fríverslunarsamningur mun enn ýta undir og styrkja þau góðu viðskipti sem við eigum við þetta vaxandi hagkerfi,“ segir Geir H. Haarde. Ákvörðunin um að hefja fríverslunarviðræður byggir á sameiginlegri hagkvæmniathugun sem EFTA-ríkin og Suður-Kórea stóðu að. Fyrsti samningafundurinn er áformaður í upphafi næsta árs.

